

# HEIMIR



VIII árgangur

WINNIPEG. 1912.

9. blað.

## Lúther sem fyrirrennari trúarfrjálslyndis á síðari tímum.

Tímabil það í mannkynssögunni, sem nefnt er síðbótar-tímabilið, er að ýmsu leyti afar merkilegt; á því gerðust þeir viðburdir, sem jaðnan munu verða taldir með stór-viðburðum sögunnar. Fyrir síðbótartímabilið, á miðöldunum svo nefndu, var menning Nordurálfunnar og andlegt líf svo háð kyrkjunní, að sjálfstæður þroski gat ekki átt sér stað. Vald kyrkjunnar var nærið því takmarkalaust; boð heumar og bann giltu sem lög. Þeir sem ekki vildu hugsa að öllu leyti eins og hún skipaði fyrir að menn ættu að hugsa, voru ofsóttir og bannsfærðir; og ef það dugði ekki, þá, að lokum, af lífi teknir. Fjandskapur kyrkjunnar gegn öllu, sem gat hagað kenningum hennar, gegn allri nýbreytni í trú og skoðunum, stóð andlegum framförum fyrir þrifum; þær gátu ekki átt sér stað fyr en vald hennar væri á einum hvern hátt lamað

Síðbótarhreyfingin braut niður vald kaþólsku kyrkjunnar og batt enda á hin algerðu yfrráð hennar. Að vísu var síðbótið ekki hin eina orsök þess, að vald kyrkjunnar og páfans var